

Spannir og verkefnatímar - bættir kennsluhættir

Þróunarverkefni við Menntaskólann á Egilsstöðum 2011-2012



Höfundar skýrslu:

Arnar Sigbjörnsson
Helgi Ómar Bragason

Júní 2012

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
1. Markmið verkefnis samkvæmt umsókn	2
2. Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði.....	2
3. Frávik miðað við áætlun verksins	3
4. Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins	4
5. Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið	4
6. Mat á verkefninu samkvæmt umsókn	4
7. Niðurstöður verkefnisins	4
8. Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum	5

1. Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Haustið 2011 fékk Menntaskólinn á Egilsstöðum (ME) leyfi ráðuneytis menntamála til að kenna samkvæmt nýrri skólanámskrá sem hafði verið í vinnslu síðan 2008.

Námskráin byggir á lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 en með þeim lögum er framhaldsskólum fært aukið sjálfðæmi um uppbyggingu námsbrauta og tilhögun náms. Haustið 2011 var í ME hafin kennsla eftir nýjum námsbrauta- og áfangalýsingum en jafnframt var gerð róttæk uppstokkun á tilhögun náms og kennslu. Annars vegar var skólaárinu skipt í fjórar **spannir** í stað tveggja **anna** og hinsvegar voru teknir upp **verkefnatímar** í nær jöfnum hlutföllum við **bundna tíma**.

Markmið með upptöku spanna og verkefnatíma voru;

- að bæta námsárangur nemenda
- að bæta viðveru nemenda
- að stuðla að minna brottfalli nemenda
- að stuðla að fjölbreyttari kennsluaðferðum og námsmatsaðferðum með leiðsagnarmat að leiðarljósi

2. Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Skólaárinu var skipt í fjórar **spannir** í stað tveggja anna. Í stað þess að nemandi væri skráður í sex áfanga yfir heila önn tökk hann þrjá áfanga á spönn. Prófavika og úrvinnsludagar voru í lok hverrar spannar sbr. skóladagatal vorannar 2012 í fylgiskjali.

Verkefnatímar voru í nær jöfnum hlutföllum við bundna tíma. Í verkefnatímum unnu nemendur að fyrirliggjandi verkefnum í náminu, en í hverju verkefnatímarými var kennari sem skráði viðveru og var nemendum til aðstoðar. Megintilgangur verkefnatímanna var að gera námið verkefnamiðaðra og stuðla að sjálfstæðari vinnubrögðum nemandans.

Stundaskrá var skipulögð þannig að kennsla hófst daglega kl. 9 og lauk kl. 16:15. Lengd kennslustunda var aukin úr 60 mínútum í 90 en jafnan var gert 5 mínútna hlé í hverri kennslustund. Stundatafla nemenda varð með þessu móti samfelld og árekstrar í töflu hurfu nánast alveg.

Fyrirkomulagi verkefnatíma hefur verið breytt á hverjum spannaskilum í leit að sem bestri útfærslu og innramatshópur skólans hefur staðið fyrir fjölmögum mælingum á framgangi breytinganna og viðhorfum til þeirra. Má þar nefna könnun sem gerð var sumarið 2011 á væntingum nemenda til breytinganna, viðhorfakannanir meðal nemenda haust 2011 og vor 2012, reglulega fundi með sjö manna rýnhópi nemenda, two matsfundi meðal kennara, viðhorfakönnun meðal kennara og samanburð á einkunnadreifingu í nýja og gamla kerfinu. Gögn úr þessum mælingum voru m.a. notuð til grundvallar ákvarðanatöku um breytingar á fyrirkomulagi verkefnatíma og höfð til hliðsjónar í umræðu um hvort breyta ætti hlutföllum verkefnatíma og bundinna tíma um áramót. Niðurstöður mælinganna höfðu almennt mikil áhrif á umræður innan skólans.

Á vorönn 2012 var samið við Gerði G. Óskarsdóttur, hjá Rannsóknarstofu um þróun skólastarfs við Menntavísindasvið HÍ, um að meta kosti og galla spanna og verkefnatíma, ásamt því að draga fram hvað mætti laga og hvernig. Hún dvaldi í ME í fimm daga vikuna 26.-30. mars og átti marga fundi með kennurum, nemendum og stjórnendum auk þess að fylgjast með framgangi kennslustunda. Í lokin skilaði hún minnisblaði til stjórnenda skólans með yfirliti yfir kosti tilraunaverkefnisins og það sem betur mátti fara að hennar mati og viðmælenda hennar.

Í veturn voru kennarafundir að jafnaði haldnir einu sinni í viku og fór drjúgur hluti þeirra í umræður um spannir og verkefnatíma.

3. Frávik miðað við áætlun verksins

Upphaflega hugmyndin að spannakerfi byggði á að lengja kennslutíma á kostnað prófatíma en ekki hefur verið unnt að hrófla neitt við vinnutímaskilgreininu kennarastarfsins sem er bundin í kjarasamningum KÍ og ríkisins. Áfram er miðað við 145 kennsludaga á ári og 30 prófadaga, þó er 15 prófadögum hverrar annar skipt á tvær spannir í ME. Afnám úreltra skila milli kennslu- og prófatíma verður mikilvægt framfaraskref.

Vegna fjár- og tímaskorts tókst ekki að vinna nema að litlu leyti tölulegar upplýsingar varðandi markmið verkefnisins.

4. Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Áður er getið ósveigjanleika í kjarasamningi kennara.

Aðrar hindranir voru helstar þær að undirbúningur kennara og nemenda fyrir breytingar var ekki nægjanlega mikill.

Kennrarar náðu margir ekki að breyta kennsluháttum sínum nægjanlega hratt og hluti kennara hafði takmarkaðan áhuga á að breyta vinnubrögðum sínum.

5. Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið

Samfelld stundaskrá nemenda og óverulegir árekstrar í töflu.

Mörgum nemendum tókst að ljúka verkefnum sínum innan marka skóladagsins. Breytt vinnulag flestra kennara og nemenda, áhersla færð af kennslu yfir á nám. Fjarnemendur tóku spannakerfinu vel, virtist henta þeim vel að vinna í skemmri lotum.

6. Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Verkefnið hefur haft afgerandi áhrif á skólastarfið og meirihluti kennara og nemenda telur ástæðu til að halda því áfram. Það mun hins vegar take nokkurn tíma að festa breytingarnar í sessi.

7. Niðurstöður verkefnisins

Að skipta skólaárinu í fjórar spannir í stað tveggja anna er vel gerlegt. Spannir og verkefnatímar mynda órjúfanlega heild sem leiðir til samfelldrar og árekstralausrar stundaskrár. Svokallaðir P-áfangar hafa nánast horfið. Duglegir nemendur geta lokið öllu námi sínu í skólanum á samfelldum vinnudegi frá 9-16.

Verkefnatíma þarf að skipuleggja vel og kennrarar þurfa að venja sig af að fara yfir allt námsefnið uppi við töflu. Verkefnatímar kalla á að nemendur fái fjölbreytt og innihaldsrík verkefni til úrlausnar.

Ekki hefur unnið tími til að bera saman gögn um námsárangur og viðveru nemenda í spannakerfinu samanborðið við eldra kerfi en þó hafa einkunnir verið bornar saman milli anna en munur varla marktækur.

Brottfall úr áföngum hefur minnkað. Af þeim sem skráðir voru í áfanga við lok þriðju viku eftir byrjun annar skiluðu 8% sér ekki til prófs á haustönn 2010 og 10% skiluðu sér ekki til prófs á vorönn 2011. Samsvarndi tölur fyrir haustönn 2011 og vorönn 2012 voru 4% annars vegar og 5% hins vegar. Þessar brottfallstölur miðast við nemendur sem segja sig úr áföngum eða hætta í námi.

Kennsluaðferðir hafa orðið fjölbreyttari en kennrarar þurfa meiri tíma til að breyta vinnubrögðum sínum og aðstoð t.d. í formi námskeiða og handleiðslu. Sama gildir um námsmatsaðferðir.

Verkefnið heldur áfram innan skólans og vonandi taka fleiri skólar upp spannarkerfi á næstu árum.


8. Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Verkefnið var m.a. kynnt í Fjölbautaskólanum við Ármúla í nóvember 2011. Verður síðan kynnt á þeim málþingum sem menntamálaráðuneyti eða jafnvel Sprotasjóður kann að brydda upp á um nýbreytni í skólastarfi.

Egilsstöðum 27. júní 2012



Verkefnistjóri, Arnar Sigbjörnsson



Skólameistari, Helgi Ómar Bragason



MENNTASKÓLINN
Á EGILSSTÖÐUM

Dagatal vorannar 2012

Júní		Júlí		Ágúst		Síðari		September		Október		November		December	
01	sun	01	mið	20		01	sun	01	mið	20		01	sun	01	mið
02	mán	02	fím	21		02	mán	02	mið	21		02	mán	02	mið
03	bri	03	fös	22		03	bri	03	mið	22		03	bri	03	mið
04	mið	U1	lau			04	mið	U1	mið			04	mið	U1	mið
05	fím	1	Fyrri vorspáinn hefst			05	mán	05	fím			05	mán	05	fím
06	fös	2				06	mán	06	bri	1	Síðari vorspáinn hefst	06	fös	06	bri
07	lau	07	bri	24		07	mið	07	mið	2		07	mán	07	mið
08	sun	08	mið	25		08	fím	08	fím	3		08	bri	08	fím
09	mán	09	fím	26		09	fös	09	mán	4		09	mán	09	mið
10	bri	10	fös	27		10	lau	10	lau			10	bri	10	lau
11	mið	11	lau			11	sun	11	sun			11	mið	11	fím
12	fím	12	sun			12	mán	12	mán	5		12	fím	12	lau
13	fös	13	mán	28		13	bri	13	bri	6		13	fös	13	sun
14	lau	14	bri	29		14	mið	14	mið	7		14	mán	14	mið
15	sun	15	mið	30		15	fím	15	fím	8		15	bri	15	mið
16	mán	16	fím	31		16	fös	16	mán	9		16	mán	16	mið
17	bri	17	fös	32		17	lau	17	bri	10		17	lau	17	mið
18	mið	18	lau			18	sun	18	sun			18	mið	18	lau
19	fím	19	sun			19	mán	19	mán	10		19	fím	19	lau
20	fös	20	mán	33		20	bri	20	bri	11		20	fös	20	sun
21	lau	21	bri	34		21	mið	21	mið	12		21	mán	21	mið
22	sun	22	mið	35	Kennslu lýkjur	22	fím	22	fím	13		22	bri	22	mið
23	mán	23	fím	P1	Þrófadagur	23	fös	23	mið	14		23	lau	23	mið
24	bri	24	fös	P2	Þrófadagur	24	lau	24	bri	15		24	sun	24	fím
25	mið	25	lau			25	sun	25	mið	16		25	fím	25	lau
26	fím	26	sun			26	mán	26	mán	17		26	sun	26	lau
27	fös	27	mán	P3	Þrófadagur	27	bri	27	bri	18		27	fós	27	mán
28	lau	28	bri	P4	Þrófadagur	28	mið	28	mið	19		28	lau	28	mið
29	sun	29	mið	P5	Sjúkkrapórt / OD	29	fím	29	fím	20		29	sun	29	bri
30	mán	30	fós	31		30	mán	30	mán	21		30	mán	30	mið
31	bri	31	lau			31	mið	31	mið	19		31	fím	31	fím